

# Nýr heimbanki sparisjóðanna.

Lýsing á virkni til að vinna með greiðslubunka og kröfubunka í vefviðmóti heimabanka sparisjóða.


ATH, það þarf að láta virkja þessa þjónustu hjá viðkomandi sparisjóði til að fá aðgang að þessari virkni.

## Greiðslubunkar

Til að stofna greiðslubunka er farið í þar til gerða skjámynd. Hægt er að velja nafn, úttektarreikning, framkvæmdardagsetningu, hvort útborgun verði ein eða ein á hverja inngreiðslu og textalykil.

Notandinn fær þá reikninga í úttektarreikning sem hann/hún hefur fullan aðgang að eða einungis skoðunaraðgang. Ef notandinn hefur einungis skoðunaraðgang að völdum reikning getur hann/hún ekki valið að framkvæma bunkann.

### Stofna greiðslubunka



Nafn greiðslubunka	Úttektarreikningur	Dagsetning	Fjölgreiðsla	Textalykil
<input type="text"/>	Veldu úttektarreikning <span>▼</span>	15.12.2020	Veldu útborgun <span>▼</span>	Millifærsla <span>▼</span>

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

Dragðu skjöl hingað

Lesna frá skjali

Sækja sniðmát

Hreinsa

Tegund greiðslu	Reikningur	Eigandi reiknings	Dagsetning	Upphæð	Aðg.
Engin gögn til staðar					

Til þess að skrá færslurnar þarf að byrja á því að sækja sniðmátið sem er gert með takkanum „Sækja sniðmát“. Þá er excel-skjali hlaðið niður á tölvu notandans þar sem hann/hún fyllir út greiðsluupplýsingar þeirra sem eiga að fá greiðslurnar.

Athugið að í flipa tvö í excel-skjalinu eru nánari útskýringar á þeim dálkum sem þarf að fylla út:

2	Krafa að fylla út fyrir	Bæði
3	<b>Dálkur</b>	<b>Tegund greiðslu</b>
4	<b>Nánari upplýsingar</b>	Tekur við strenginn Millifærsla eða Greiðsluseðill eða eitthvað sem byrjar M eða G.

Ready Scroll Lock

Þegar skjal er tilbúið með greiðsluupplýsingum er hægt að lesa það inn í netbankann með því að velja að lesa frá skjali eða með því að draga skjalið í afhendingarsvæðið.



Ef skjalið stenst ekki grunnprófanir kemur villumelding þess eðlis sem segir í hvaða dálki og línu villan/villurnar eru.

Annað hvort er hægt að velja að framkvæma bunka strax, ef notandinn hefur full réttindi á úttektarreikning, eða það er hægt að vista bunkann og þá þarf að opna hann aftur síðar til að framkvæma.


Þegar bunki fer í framkvæmd er byrjað á að staðfesta að reikningar séu til, passi við kennitölur, næg innistæða sé fyrir úttekt o.s.frv. Ef eitthvað af þessum prófunum klikkar þá er bunkinn ekki framkvæmdur heldur fer í stöðu villu og notandi þarf að leiðrétta villurnar og velja aftur að framkvæma til þess að bunkinn verði framkvæmdur.

Ef öll villutékk standast er upphæðin tekin út af úttektarreikningum og lögð inn á innleggsreikninga samkvæmt fyrirmælum. Ef ein eða fleiri greiðslur mistakast af einhverjum orsökum er bunkinn samt kláraður og fer í stöðuna „Greitt með villum“. Sú upphæð sem eftir stendur er svo lögð aftur inn á úttektarreikning.

Ef allar greiðslur ganga eftir fer bunkinn í stöðuna „Greitt“.

## Kröfubunkar

Til að stofna kröfubunka er farið í þar til gerða skjámynd. Notandi fær upp lista yfir þá kröfuhafa sem viðkomandi notandi hefur aðgang að í kerfinu. Notandi velur kröfuhafa, nafn á kröfubunkann og athugasemd, ef vill.



Til þess að skrá kröfurnar þarf að byrja á því að sækja sniðmátið sem er gert með takkanum „Sækja sniðmát“. Þá er excelskjali hlaðið niður á tölvu notandans þar sem hann/hún fyllir út upplýsingar um stofnaðar/breyttar/niðurfelldar kröfur sem eiga að vera í bunkanum.

Athugið að í flipa tvö í excelskjalinu eru nánari útskýringar á þeim dálkum sem þarf að fylla út:

	A	B
1	<b>Dálkur</b>	<b>Færslugerð</b>
2	<b>Verður að fylla út</b>	<b>Já</b>
3	<b>Innsláttur</b>	K = Stofna B = Breyta E = Eyða
4		

Þegar skjal er tilbúið með upplýsingum um kröfur er hægt að lesa það inn í netbankann með því að velja að lesa frá skjali eða með því að draga skjalið í afhendingarsvæðið.

Til að lesa inn greiðslubunka þarf að lesa inn útfyllt [sniðmát](#)

**Dragðu skjöl hingað**

Lesna frá skjali

Sækja sniðmát

Hreinsa

Ef skjalið stenst ekki grunnprófanir kemur villumelding þess eðlis sem segir í hvaða dálki og línu villan/villurnar eru.

Eftir að notandi hefur valið að framkvæma kröfubunkann þarf hann/hún að staðfesta að bunkinn sé tilbúinn til keyrslu og velja aftur að framkvæma.

Þegar valið er að framkvæma eru flóknari villutékk gerð og geta þá komið upp atriði sem þarf að laga í bunkanum. Hægt er að taka eina og eina línu úr bunkanum eða hreinsa og hlaða lagfærðu skjali inn upp á nýtt.

Þegar allt er orðið klárt er bunkinn sendur til RB til frekari vinnslu.